

Alþingi
Erindi nr. P 138/1115
komudagur 4.3.2010

Alþingi
Viðskiptanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 3. mars 2010

Efni: Athugasemdir við frumvarp til laga um breyting á lögum um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 m.s.br., 343. mál.

Samtök starfsmanna fjármálafyrirtækja (SSF) hafa fengið ofangreint mál til umsagnar. SSF gera athugasemdir við 1. 11. 38. og 39. grein frumvarpsins.

1. gr. 6. liður b.

Skilgreining á starfsheitinu „Framkvæmdastjóri“ er alltof víðtæk eins og hún er fram sett. Þessi opna skilgreining hefur m.a. leitt af sér vandamál vegna uppgjors launa sbr. 10. gr. laga nr. 88/2003 um ábyrgðarsjóð launa. „Forstjóri“ á hér betur við en „framkvæmdastjóri“.

11. gr.

Innihald og ákvæði þessarar greinar er samhljóða starfsreglum fjármálafyrirtækja. Setningin: „Gera skal viðskiptamanni fjármálafyrirtækis, sem þess óskar, grein fyrir því hver ber ábyrgð á umsjón með upplýsingum er kunna að vera í skrá og varða hann“, vefst fyrir þeim aðilum er nærri koma. Er ábyrgðin hjá starfsmanni sem skráir af aðsendu blaði, tölvumanninum sem sér um skrána, yfirmanninum sem fór fram á skráninguna, eða t.d. Credit-Info sem sendi upplýsingar til fjármálafyrirtækis?

Best er að sleppa alveg framangreindri setningu, önnur ákvæði eru tæmandi.

38. gr. og 39. gr.

Skilgreining á hugtakinu „lykilstarfsmaður“ er mjög óljóst og hægt að yfirfæra það á verulegan fjölda starfsmanna. Reynslan er sú að slíkar opnar skilgreiningar eru fyrst og fremst notaðar til að skerða og rýra réttindi starfsmanna.

Eðlilegast er að í 38. greininni standi: „Stjórn fjármálafyrirtækis skal setja reglur, sem staðfestar skulu af FME, um viðskipti þess við starfsmenn.“

Sama á við í flestum tilfellum þar sem sagt er í frumvarpi: „framkvæmdastjóra og aðra lykilstarfsmenn“

39. gr. a.

Kaupaukakerfi eru oftár en ekki hluti af ráðningarsamningum, m.a. hjá sjómönnum, starfsmönnum í fiskvinnslu, sölumönnum, iðnaðarmönnum og starfsmönnum fjármálafyrirtækja (banka og tryggingafélaga) um allan heim.

Flestir fordæma þó „ofur“ bónusa sem greiddir voru og eru enn greiddir, m.a. í fjármálafyrirtækjum í öllum heimsálfum. En að banna hvers konar kaupauka alfarið er allt of harkaleg aðgerð og setur hömlur á samningsfrelsi og atvinnufrelsi einstaklinga.

Flestar aðrar þjóðir hafa sett reglur um kaupauka. Samkvæmt könnun Finansinspektionen í Svíþjóð eru 60% starfsmanna banka og tryggingafyrirtækja í Svíþjóð(úrtak 48.000) með einhvern bónus á föst laun – sjá könnun og reglur:

http://www.fi.se/Templates/Page_12362.aspx

http://www.fi.se/Templates/Page_12363.aspx

http://www.fi.se/upload/43_Utredningar/20_Rapporter/2010/rorlig_ers_2009.pdf

SSF leggur til að íslenskar reglur hér um verði aðlagðar því sem gerist t.d. í Svíþjóð.

39. gr. b.

SSF tekur undir þau sjónarmið, sem fram koma í umsögn Samtaka fjármálafyrirtækja og Samtaka atvinnulífsins, um gerð starfslokasamninga.

Virðingarfyllst,
f.h Samtaka starfsmanna fjármálafyrirtækja

Friðbert Traustason, formaður.